

**94. fundur stjórnar Bláskógaveitu haldinn í Aratungu, Reykholti,  
7. ágúst 2019, kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**

Kjartan Lárusson, Kolbeinn Sveinbjörnsson, Axel Sæland, Ásta Stefánsdóttir, Benedikt Skúlason og Bjarni D. Daníelsson.

**Fundargerð ritaði:** Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri.

**1. Umsóknir um heimtaugar - 1902021**

Umsóknir um heimtaugar. Bjarni D. Daníelsson fer yfir umsóknir.

*Eftirfarandi umsóknir voru lagðar fram:*

*Staður: Bakkakot í landi Eiríkubakka. Sótt um hitaveitu. Umsækjandi Skúli Helgason.*

*Samþykkt að taka saman kostnað við hitaveitulögn að Bakkakoti og sverun aðveitulagnar, ákvörðun um afgreiðslu málsins verður tekin fyrir þegar niðurstöður liggja fyrir.*

**2. Viljayfirlýsing vegna kaupa á heitu vatni til uppbyggingar í ferðapjónustu (baðlón, hótél) - 1906021**

Beiðni, dags. 18. júní 2019, um að gerð verði viljayfirlýsing við Norverk um kaup þeirra á heitu vatni af Bláskógabyggð vegna ferðapjónustuverkefnis. Vísað til stjórnar Bláskógaveitu af sveitarstjórn.

*Bláskógaveita hefur 6 l/sek óráðstafaða í Laugarási. Stjórn veitunnar samþykkir fyrir sitt leyti að gerð verði viljayfirlýsing til eins árs um sölu á allt að 6 sekúndulítrum.*

**3. Fjölgun stöðugilda hjá Bláskógaveitu - 1904015**

Farið yfir stöðu mála.

*Tímabundinn ráðningarsamningur hefur verið framlengdur til 31. ágúst 2019. Stjórn samþykkir að framtíðarstarf verði auglýst og gengið frá ráðningu.*

**4. Starfsleyfi Bláskógaveitu - 1908009**

*Farið var yfir stöðu mála varðandi undirbúning að umsókn um starfsleyfi fyrir Bláskógaveitu (hitaveitu) til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.*

**5. Staða framkvæmda 2019 - 1906012**


*Benedikt Skúlason fór yfir stöðu helstu framkvæmda sumarið 2019.*

**6. Skemmdir á landi vegna heits vatns - 1908010**

Lögð var fram beiðni um lagfæringu á lóð garðyrkjustöðvarinnar Gufuhlíðar vegna tjóns af völdum heits vatns.

*Sáð verður í það svæði þar sem gras skemmdist vegna leka á heitu vatni.*

Fundi slitið kl. 17:20.




Kjartan Lárusson




Kolbeinn Sveinbjörnsson




Axel Sæland



Ásta Stefánsdóttir



Benedikt Skúlason



Bjarni D. Danielsson